

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli frysts
humars á humarvertíð 1972.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll frysts humars á humarvertíð 1972.

5 × 5 lbs. í skel garndreginn.

7—9		\$ 4.140	pr.	lb.	cif.	U.S.A.
9—12		— 3.825	—	—	—	—
12—15		— 3.600	—	—	—	—
15—18		— 3.060	—	—	—	—
18—24		— 2.565	—	—	—	—
24—30		— 1.980	—	—	—	—
30—45		— 1.440	—	—	—	—

4 × 12 lbs. í skel með görn.

7—15		Lire 1 265	pr.	lb.	cif.	Milano
0—20		— 1 265	—	—	—	—
15—30		— 1 020	—	—	—	—
30—45		— 760	—	—	—	—
45—60		— 590	—	—	—	—

Verðbil verði 6%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um námsstyrki til læknanema gegn skuldbindingu um
læknisþjónustu í héraði.

1. gr.

Heimilt er að veita árlega allt að 10 stúdentum í læknisfræði námsstyrki, hvern að fjárhæð allt að 200 þús. krónur, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði.

2. gr.

Veita má sama stúdent styrk í allt að 3 ár, þó aldrei fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.

3. gr.

Umsóknir um slíka námsstyrki skal rita á sérstök eyðublöð, sem heilbrigðismálaráðuneytið lætur gera, og skal þar gerð grein fyrir efnahag umsækjanda, námsferli og öðru því, sem ráðuneytið telur skipta máli.

Umsóknir skal senda landlækni fyrir 1. janúar ár hvert. Leitar hann umsagnar læknadeildar háskólans um umsækjendur.

Að fenginni umsögn læknadeildar gerir landlæknir tillögur til heilbrigðismálaráðherra um það hverjir skuli hljóta styrki.

4. gr.

Styrkþegi skal skuldbinda sig til að gegna lækniþjónustu í héraði þannig að hver styrkveiting jafngildi einu almanaksári í læknishéraði.

5. gr.

Styrkþegi skal vera reiðubúinn til að gegna lækniþjónustu í héraði 1½ ári eftir læknispróf og í því héraði, sem landlæknir ákveður eða styrkþegi óskar.

Hafi þjónustu styrkþega eigi verið óskað 2½ ári eftir lokapróf, fellur niður skylda hans til þjónustu í héraði, enda seinjast eigi öðru vísi milli landlæknis og styrkþega.

6. gr.

Geti styrkþegi ekki uppfyllt skyldur sínar, af ástæðum, sem landlæknir metur gildar, skal hann þá þegar hefja endurgreiðslu styrkja þeirra, sem hann hefur notið og endurgreiða þá ásamt víxilvöxtum, þannig að hver styrkveiting endurgreiðist á einu ári, a. m. k. ¼ hluti á 3ja mánaða fresti ásamt áföllnum vöxtum.

7. gr.

Ráðuneytið lætur gera samning og skulu þar prentaðir skilmálar þeir, sem styrkþegi gengst undir.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjör þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, önnur en fjárhæð, gilda einnig fyrir þá, sem námslán fengu árið 1970—71 enda verði svo um samið við hvern og einn.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. læknaskipunarlaga nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.